

Föstudaginn 13. marz 1970.

Nr. 42/1970. **Vökull h/f**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Kjartani Sveinssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Stefndi áfrýjaði upphaflega með stefnu 17. nóvember 1969, en útvistardómur gekk í því máli 2. marz 1970. Var því ástæða til, að áfrýjandi bæri málið undir Hæstarétt.

Áfrýjandi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Hann hafði ekki sent Hæstarétti greinargerð samkvæmt 44. gr laga nr. 57/1962.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Kjartan Sveinsson, greiði áfrýjanda, Vökli h/f, kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. september 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. september s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. júní s.l., af Vökli h/f, Hringbraut 121, Reykjavík, gegn Sveini Halldórssyni, Eskihlíð 12, Reykjavík, og Kjartani Sveinssyni, Ljósheimum 4, Reykjavík, til greiðslu vixla að fjárhæð samtals krónur 67.854.00, útgefinna 15.

desember 1967 af Guðna Halldórssyni og samþykktur af Sveini Halldórssyni til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands og Verzlunarbanka Íslands hf hér í bæ 25. júní 1968, 25. júlí 1968, 25. ágúst 1968 og 25. september 1968, 25. október 1968 og 25. desember 1968, en á víxlum þessum, sem voru afsagðir vegna greiðslufalls 27. júní 1968, 29. júlí 1968, 27. ágúst 1968, 27. september 1968, 28. október 1968 og 28. desember 1968, eru útgefandi og Kjartan Sveinsson ábekingar.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxlanna, kr. 67.854.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 11.077.00 frá 25. júní 1968 til 25. júlí s. á., af kr. 22.241.00 frá þeim degi til 25. ágúst s. á., af kr. 33.492.00 frá þeim degi til 25. september s. á., af kr. 44.830.00 frá þeim degi til 25. október s. á., af kr. 56.255.00 frá þeim degi til 25. desember s. á., en af kr. 67.854.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.178.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. Stefnandi kveður, að engar kröfur séu gerðar á hendur útgefanda í máli þessu, en allur réttur áskilinn.

Stefndi Kjartan Sveinsson hefur látið sækja þing, en engum andmælum hreyft. Þingsókn féll síðan niður af hans hálfu. Stefnandi Sveinn hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með löglegri heimild, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 9.800.00.

Ólafur B. Árnason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sveinn Halldórsson og Kjartan Sveinsson, greiði in solidum stefnanda, Vökli hf, Reykjavík, kr. 67.854.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 11.077.00 frá 25. júní 1968 til 25. júlí s. á., af kr. 22.241.00 frá þeim degi til 25. ágúst s. á., af kr. 33.492.00 frá þeim degi til 25. september s. á., af kr. 44.830.00 frá þeim degi til 25. október s. á., af kr. 56.255.00 frá þeim degi til 25. desember s. á., en af kr. 67.854.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.178.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og kr.

9.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. marz 1970.

Nr. 20/1969. **Ólafur Helgason**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Rögnu Aðalsteinsdóttur og Sigríði

Aðalsteinsdóttur og

(Bárður Jakobsson hrl.)

**Landbúnaðarráðherra til réttargæzlu,
og gagnsök.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1969. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Að því er efni málsins varðar, krefst aðaláfrýjandi þess aðallega, að synjað verði um „innlausnarrétt til handa“ gagnáfrýjendum „að veiðiréttindum fyrir „hálfum Efstadal“ í Laugardal, Ögurhreppi“, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu af innlausnarkröfu gagnáfrýjenda. Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi þess, „að innlausnarréttur taki ekki til veiði í Efstadalsvatni“. Þá gerir aðaláfrýjandi að lokum þá kröfu, að verði gagnáfrýjendur „taldir eiga innlausnarrétt að veiðinni, þá verði svo ákveðið“, að aðaláfrýjandi „eigi endurkaupsrétt (innlausnarrétt) að jarðarhelmingi þeim eða eignarhluta, sem hér um ræðir“. Í öllum tilvikum hefur aðaláfrýjandi krafizt málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 22.